

Stjórnarstarfið.

Eins og venjulega þá hefur stjórn félagsins komið saman fyrsta mánudag í hverjum mánuði að undanskyldum júní, júlí og ágúst mánuði, margt hefur verið rætt á þessum fundum og ætla ég að fara hér yfir það helsta.

- a. Eins og oft áður hefur okkur í stjórn verið tíðrætt um skuldastöðu sumra félagsmanna en sumir félagar skulda upp í sex ára gjöld, í kjölfar þeirra umræðu var formanni enn og aftur falið að skoða hvað væri hægt að gera í þessum málum.
- b. Mér sem formanni félagsins fynnst þetta vera afar lélegt af félagsmönnum að standa ekki í skilum með félagsgjöldin, þau eru nú ekki svo há hjá okkur og hlýt ég því að velta því fyrir mér hvort þeir sem skulda okkur þessi gjöld vilji yfir höfuð nokkuð vera í þessu félagi?
- c. Við höfum verið að velt því fyrir okkur hvað hægt væri að gera fyrir félagsmenn til að efla félagið, ein leiðin er að auka samstarf við lðuna með námskeið og er það í skoðun.
- d. Einnig má nefna að í undirbúningi er bréf til MSI þar sem farið verður fram á að skoðað verði lögmæti viðskipta sveitatafélag okkar við iðnaðarmenn en dæmi eru um að verslað sé við ófaglærða menn að hálfu sveitafélaganna og það þarf að stöðva.
- e. Í bígerð er að gera smá kynningarbækling þar sem félagið verður kynnt en þessi bæklingur yrði svipaður í sniði og Félag Pípulagningameistara eru með og honum dreift í byggingavöruverslunum hér á svæðinu.
- f. Fundur var í húsfélaginu okkar á árinu og var þar ákveðið að hækka gjaldið um 100% þar sem það hefur verið óbreytt í fjöldamörg ár. Einnig kynnti Sigurjónsbakarí fyrirhugaðar breytingar hjá sér.
- g. Einnig var ákveðið að leita eftir tilboði í útihurðar á sameignina.
- h. Einnig hafa verið allmargir fundir hjá SAR og ber þar hæst fundir með þingmönnum kjördæmisins þar sem farið er yfir það sem verið er að vinna að inn á þingi og við getum komið með okkar skoðanir en þessir fundir eru einu sinni í mánuði á meðan þingið starfa, en þar hafa verið rædd mál um Helguvíkina, ISAVIA Fríhöfnina á að selja hana? Háskólann Keilir, Flugvöllin í hvassa hrauni svo eitthvað sé nefnt, einig er innan SAR haldnir fundir með stærstu fyrir tækjum á svæðinu og er þar yfirskriftin kinningi á Reykjanesinu á jákvæðan hátt og er það ýmisleg t í undri búning eins og kinning á svæðinu sem fyrirtækin munu kosta.

- i. Einnig voru stjórnarmenn að velt því sín á milli hvort ekkii væri rétt að fara í einhva skemmtilega ferð með félagsmenn og eins og alltaf og óskar formaður eftir uppástungum við formann skemmtinefndarinnar hann Stefán..
- j. Ekki er mikið meira hægt að segja um störf stjórnar en ég vil minnast á það að ég tel þess fundi mjög mikilvæga fyri rfélagsmenn í heild sinni og um leið þakka ég stjórnarmönnum fyrir góðar mætingar á þessa fundi.
- k. Allt nokkrir fundir hafa verið haldnir hjá MSI bækingur MSI lesinn

Félagsstarfið.

Nú við höfum verið að gera sitthvað fleira hér en eins og flestir ykkar eiga að vita höfum við verið með súpufundi einu sinni í mánuði þar sem MSI hefur boðið félagsmönnum ásamt rafvirkjum og múrurum upp á súpu og starfsmenn frá SI og MSI hafa komið og verið með viðveru frá kl 11.00 til kl 15:00, þetta hefur verið mjög fræðandi í alla staði, meðal þeirra sem hafa komið var lögfræðingur samtakanna, Friðrik starfsmaður Meitaradeildarinnar, Ferdinand gæðagúrú samtakanna og Katrín Dóra Hafa þessir fundir hepnast afar vel að margra dómi, en eins og alltaf þá erum við fleyri félagar en þeir sem mæta og vil ég hvetja alla til þess að koma á þessa fundi.

Félagatalið.

Nú eru skráðir félagsmenn um 42 talsins þar af eru þrír sem greiða ekki félagsgjöld (1 heiðursfélagi einn vegna aldurs og formaður).Tveir hafa bæst við hópinn og vil ég bjóða þá velkoma og vonast til að sjá þá sem oftast á fundum hjá okkur.

Að lokum

Hér vantar mikið af fólki í vinnu skortur er nú þegar á fagmenntuðu fólki til starfa og byrjað er að yfirbjóða menn sem er ákveðið áhyggjuefni og þurfum við fara að hækka útselda vinnu.

Helguvíkin tekur mest af erlendu vinnuafli eins og er, flugtengd starfsemi áætla að flytja inn erlent vinnuafli um 900-1000 manns og er verið að standsetja blokkir á Ásbrú vegna þess.

ÍAV og Ístak eru stærstu verktakarnir á svæðinu

Áætlaðar framkvæmdir hér á svæðinu erum yfir 200 milljarðar á næstu árum og er það að mestu tengt flugstöðinni

Ég tel að tækifærin á landinu séu helst á þessu svæði

Takk fyrir.